

ZZI-SÚP

Skólablað
Grundaskóla
1.tbl. - 12. árg.
Júní 2008



Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Tónastöðin býður upp á mikið úrval hljóðfæra og nótnahefta og leggur áherslu á góða og persónulega þjónustu.

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áratuga reynslu.



Tónastöðin • Skipholt 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM

3 málarar ehf.

Bakkatún 10 - 300 Akranesi - malarar3@simnet.is

Verktakaþjónusta

Ávarp skólastjóra

Ágætu lesendur. Það er komið vor. Fyrstu krókusarnir stungu sér upp úr snjónum fyrir allnokkru síðan og páskaliljurnar eru upp á sitt besta um þessar mundir. Síðan springa túlpanarnir út. Á næstu vikum verður plantað marglitum sumarblómum sem munu veita ánægju í sumar.

Skólastarf er að mörgu leyti líkt fallegum og blómlegum garði. Þar blómstra stórir og smáir nemendur við leik og störf. Það er mikilvægt að hugsa vel um hvern og einn, leyfa öllum að njóta sín á eigin forsendum og vegna eigin verðleika. Í fallegum blómagarði blandast litir og form saman í eina litríka heild. Í skólastarfi eru nemendurnir, jafn ólíkir og þeir geta verið, hinn mikilvægi drifkraftur og litskrúðuga heild. Þeir þurfa réttar aðstæður og næringu við hæfi og blómstra síðan á mismunandi tíma.

Senn er viðburðaríku skólaári lokið, nemendur og starfsmenn

skólans um það bil að ganga frá sínum hlutum og hverfa út í sumarið og birtuna. Veturinn hefur verið um margt sérstakur en um leið ánægjulegur. Starfsfólk skólans hefur gengið að verkum sínum með vellíðan nemenda að leiðarljósi. Það bíða mörg spennandi verkefni næsta skólaárs og ég veit að bæði nemendur og starfsfólk Grundaskóla munu takast á við hverja nýja áskorun með jákvæðni og gagnkvæma virðingu í huga.

Grundaskóli hefur frá upphafi notið þeirrar gæfu að starfsmenn og foreldrar hafa alltaf haft mikinn metnað fyrir hönd skólans og unnið ótullega í hans þágu. Það verður aldrei fullþakkað og þar koma margir við sögu eins og gefur að skilja. Ég tel ekki á neinn hallað þótt Guðbjarts Hannessonar, skólastjóra sé sérstaklega getið hér. Gutti lét af störfum á síðastliðnu vori þegar hann tók sæti á Alþingi en hann hafði verið skólastjóri allt frá upphafi og markað stefnu



skólans af ótrúlegri framsýni og einstökum krafti. Ég veit að tala fyrir hönd allra sem eiga, eða hafa átt, aðild að skólasamfélagi Grundaskóla þegar ég óska honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi og þakka af heilum hug frábært starf í Grundaskóla.

Ég þakka starfsmönnum, nemendum, foreldrum og samstarfsaðilum fyrir veturinn. Lesendum öllum óska ég ánægjulegs sumars.

Hrönn Ríkharðsdóttir, skólastjóri

PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Hrönn Ríkharðsdóttir

Umsjón með útgáfu:

Gunnar Sturla

Auglýsingastjóri


Sigurður Arnar Sigurðsson

Prentvinnsla:

Prentmet Vesturlands

Verkefni á forsiðu

Hafliði Már 4.EHP



Heimsíða Grundaskóla:

www.grundaskoli.is

Netfang Grundaskóla:

grundaskoli@grundaskoli.is



Móttökudeild nýbúa í Grundaskóla

Undanfarið hefur nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku fjölgað mjög í Grundaskóla. Í skólanum eru 25 nemendur með annað móðurmál en íslensku. Móðurmálin eru nokkur s.s pólska, spænska, ungverska, rússneska, úkraínska, litháíska, portúgalska og enska. Dæmi er um að börn hafi fleiri en eitt móðurmál.

Síðastliðið haust var stofnuð móttökudeild nýbúa við Grundaskóla. Hlutverk hennar er að þjóna þessum nemendum þar

sem þeir hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að stunda nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Starfsmenn deildarinnar eru tveir, Sigurveig Kristjánsdóttir kennari og Wioletta Taroni pólskumælandi stuðningsfulltrúi, en flestir erlendu nemendanna eru frá Póllandi á aldrinum 6 – 16 ára. Sumir hafa verið í nokkur ár á Íslandi, en aðrir örfáa mánuði.

Aðaláherslan í kennslunni er að efla íslenskukunnáttu nemendanna og er helsta markmiðið að gera nemendur það góða í íslensku

að þeir geti að mestu stundað nám í umsjónarþekkingnum sínum. Nemendurnir læra ýmislegt annað um leið og þeir læra íslensku s.s. um skólann, Akranes og Ísland. Í vetur fóru eldri nemendurnir í tvær vettvangsferðir og heimsóttu þeir ásamt kennaranum nokkrar stofnanir á Akranesi s.s. bæjar-arskrifstofurnar, bæjarbókasafnið, lögregluna, Rauða krossinn og pósthúsið.

Sigurveig Kristjánsdóttir

Eftirfarandi aðilar styrkja útgáfu blaðsins

<i>Ozone</i>	<i>PK lagnir ehf.</i>	<i>Norðanfiskur</i>
<i>Hárstíll</i>	<i>Olíuverslun Íslands hf.</i>	<i>Smurstöð Akraness</i>
<i>Skagaverk ehf.</i>	<i>Bifreiðastöð ÞÞÞ</i>	<i>Rakarastofa Gísla ehf.</i>
<i>Omnis</i>	<i>Gimli</i>	<i>Almenni Ökuskólinn ehf.</i>
<i>Bilver ehf.</i>	<i>Glitnir</i>	<i>Fasteignasala Vesturlands</i>
<i>Síldin AK</i>	<i>Trésmiðja</i>	<i>Sjúkraþjálfun</i>
<i>Vélsmiðja</i>	<i>Práins Gíslasonar</i>	<i>Georgs V. Janussonar</i>
<i>Ólafs R. Guðjónssonar</i>	<i>Íslandspóstur hf.</i>	<i>Endurskoðendaskrifstofa JPH</i>
<i>LG málningarverktakar sf.</i>	<i>Brautin ehf.</i>	<i>Bilverk GJ</i>
<i>Hárhús Kötlu hf.</i>	<i>Vignir G. Jónsson hf.</i>	<i>(Bílasprautun og réttingar)</i>
<i>Model</i>	<i>Ævintýrakistan</i>	<i>BM Vallá – Smellinn</i>
<i>Nína</i>	<i>HM – pípulagnir s/f</i>	<i>Viðskiptaþjónusta Akraness</i>
<i>Egill Gíslason</i>	<i>Verslunin Bjarg</i>	<i>Híbýlamálun</i>
<i>húsasmíðameistari</i>	<i>Glerborg PGV</i>	<i>Gardars Jónssonar</i>
<i>Verkalýðsfélag Akraness</i>	<i>Rafstöðin ehf.</i>	<i>Sementsverksmiðjan hf.</i>
<i>Rafþjónusta</i>	<i>Akur ehf.</i>	<i>Fortuna – veisluþjónusta</i>
<i>Sigurdórs ehf.</i>	<i>Skaginn</i>	<i>Glerauganverslunin</i>
<i>Mozart</i>	<i>Kjarnafiskur</i>	<i>Sjónglerið</i>
<i>Hardarbakarí</i>		

Sigurður Arnar Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri

Skólastarf Grundaskóla 2007-2008

Grundaskóli var settur föstudaginn 24. ágúst 2007. Nú í lok skólaársins eru 583 nemendur í skólanum og þar af eru 83 nýir nemendur. Nemendur skiptust í 27 bekkjardeildir í 1. – 10. bekk.

Starfsmenn Grundaskóla eru samtals 75 í misstórum stödu-

fyrir Norðvesturkjördæmi eins og eflaust flestum er kunnugt um.

Tónlistarkeppnin *Ungir/gamlir* var haldin í haust í annað sinn og var sérlega glæsileg. Húsfyllir var í Bíóhöllinni og frábær stemning. Listamennirnir, bæði ungir og gamlir stóðu sig með sóma. Ljóst er að þessi listviðburður er að festa

síðustu árið í sessi í menningardagskrá Vökudaga á Akranesi. Ekki færri gestir komu í skólann til að sjá árshátíð Grundaskóla. Sex sýningar voru og uppselt á þær allar. Yfirskrift árshátíðar eða þema hennar var *Lífið er yndislegt*. Líkt og síðustu ár tóku allir nemendur í



Þátttakendur í Stóru upplestrarkeppninni.

gildum. Kennarar eru 45 með skólastjórum og aðrir starfsmenn eru um 30. Ekki verður í stuttum pistli sagt frá öllu því sem á dagana drífur í skóla sem Grundaskóla og verður því einungis getið nokkurra atriða.

Hrönn Ríkhardsdóttir tók við af Guðbjarti Hannessyni sem skólastjóri í Grundaskóla en áður hafði hún gegnt starfi aðstoðarskólastjóra. Undirritaður tók við starfi Hrannar sem aðstoðarskólastjóri. Guðbjartur var hins vegar kjörinn þingmaður á allþingi Íslendinga

1. – 7. bekk þátt í árshátíðinni en nemendur unglíngastígs voru þátttakendur í gegnum valsæði eins og listasmíðju og hæfileikakeppni eða við undirbúning af ýmsum toga.

Nemendur Grundaskóla tóku þátt í ýmsum keppnum og viðburðum á skólaárinu og stóðu sig frábærlega. Þeir voru sér, skólanum og foreldrum til mikils sóma. Nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og voru sigursælir þetta árið. Hið sama má segja um stærðfræðikeppni



Fjölbrautaskóla Vesturlands og Skólahreysti. 10. bekkingar héldu í viking til Svíþjóðar og settu upp alþjóðlega sýningu á söngleikum Draumaleit. Nokkrar stuttmyndir voru kvikmyndaðar og lauk þeirri vinnu með glæsilegri stuttmyndahátíð nú í vor. Nemendur í 3. og 4. bekk settu upp Ávaxtakörfuna og fékk sú uppfærsla mikla og verðskuldaða athygli. Sú vinna verður eflaust til þess að fleiri söngleikir verða settir upp fyrir yngri nemendur skólans.

Á þessu skólaári ákvað Akraneskaupstaður að stofna móttökudeild fyrir nýja Íslendinga við Grundaskóla. Móttökudeild er einskona athvarf fyrir nemendur af erlendum uppruna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í móttökudeildinni er unnið með móðurmál barnanna svo og með grunn íslenskukennslu. Þar fá nemendur sérástoð og túlkabjónustu. Alls eru í skólanum 26 nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Grundaskóli er orðinn alþjóðlegri en áður því kennsla í vetur hefur farið fram á fimm tungumálum. Starfsemi móttökudeildarinnar er að festa sig í sessi undir öruggri stjórn Sigurveigar Kristjánsdóttur.

Margra þátta er enn ógetið og ofangreind upptalning felur ekki í sér forgangsroðun af neinu tagi heldur er fyrst og fremst dæmi um þá miklu grósku sem er í skólastarfi Grundaskóla.



Nemendur úr móttökudeild með bæjarstjóranum.

Félagslífið



Félagslíf Grundaskóla hefur verið mjög skemmtilegt þetta skólaár. Við höfum verið með ýmsar upptökur fyrir nemendur unglingsdeildarinnar. Við byrjuðum á að halda upp á það að skólinn væri byrjaður með svokölluðum "Húllum-Hæ" degi, þar er keppt í óvenjulegum íþróttum og mikil stemning skapast í kringum þetta.

Sama dag er oftast haldið Busaball og þar eru kosin busakóngur og drottning. Nemendaráðið er búið að vera duglegt að halda "Opin hús" sem voru frumleg og skemmtileg, alltaf eitthvað nýtt t.d. spákona, uppistand, skólahreysti o.fl.

Böllin sem við höldum í Grundaskóla heppnuðust mjög vel. Við höldum ball í október, jólaballið, hátónsbarkaball og síðast en ekki síst árhátíðina sjálfa, en hún var einnig í umsjón Arnardals

og Brekkubæjarskóla. Þetta ár var ekki haldin hæfileikakeppni í grunnskólunum, aðeins hátónsbarkinn. Fjölmargir skráðu sig til þátttöku en færri komust að en vildu.

Stærsta verkefnið okkar var að skipuleggja árhátíðina en hún var störfengleg í alla staði, þemað var

gull og silfur, maturinn ljúffengur og kennararnir stóðu sig mjög vel í að þjóna okkur til borðs. Auðunn Blöndal kom, sá og sigraði hjórtu unglingsanna með góðum bröndurum og klikkuðum dansi.

Nemendaráðið gerði margt saman; fór t.d. í Skorradal á leiðtoga námskeið og á tónleika með Páli Óskari og það kvöld endaði í pizzupartýi.

Hverjir muna ekki eftir Gryfunni góðu? Hún var aldeilis tekin í bakarið af nemendaráðinu sem hefur starfað saman þetta ár og vorum við ákveðin í að gera eitthvað í máluðum því það var sko kominn tími til! Hún var máluð með róandi litum, bekkirnir meðfram veggnum voru breikk-



aðir, gert var barborð og barstólar voru keyptir. Við löguðum diskóbúrið, tókum niður gamlar myndir og hengdum upp nýjar. Keyptir voru púðar og mottur til að kúra á. Við hefðum ekki getað



þetta án hins frábæra húsvarðar okkar, hans Lúlla – takk kærlega fyrir hjálpinu.

Við þökkum frábært samstarf á skólaárinu og vonum að næsta nemendaráð geri enn betur, því það er jú alltaf hægt að gera betur.

Kveðja; Jensína Kristinsdóttir, formaður NFG og Lóa Guðrún Gísladóttir, gjaldkeri NFG



Ávaxtakarfan

Síðastliðið vor fæddist sú hugmynd að gera lítinn söngleik með nemendum yngsta stigs í Grundaskóla. Eins og flestir vita er komin hefð á að setja upp söngleik á unglíngastigi þar sem fluttir hafa verið þrír frum-samdir söngleikur undanfarin ár. Viðbrögð yngri nemenda skólans hafa verið slík að okkur fannst mál til komið að leyfa þeim að prófa slíka vinnu. Við ákváðum því að ráðast í að setja upp stytta útgáfu af Ávaxtakörfunni eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson og Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur. Ávaxtakarfan varð fyrir valinu vegna þess að hún hefur verið mjög vinsæl undanfarin ár og börnin þekkja hana vel. Það var okkar mat að boðskapur verksins passaði vel inn í skólastarfið. Fljótlega ákváðum við að best væri að framkvæma slíkt verkefni með nemendum 3. og 4. bekkjar. Í kjölfarið upphófust miklar vanga-veltur um það hvernig best væri að framkvæma verkefnið þannig að sem flestir kennarar árganganna kæmu við sögu. Við höfðum sérstakan áhuga á því að búa til hálfgerða listasmíðu í list- og verkgreinunum þar sem nemend-


ur gætu útbúið allt sem tengdist sýningunni, þ.e. saumað búninga, gert leikmynd, æft dansa og söng. Umsjónarkennarar bekkjanna sáu svo um að ræða boðskap verksins sem og að hjálpa nemendum að læra texta.

Strax eftir sumarfrí hófumst við handa við að gera gróft skipulag svo vinnan gæti hafist á miðönn sem byrjar í nóvember og stendur fram að árhátíð. Í þessum tveimur árgöngum eru um 120 nemendur sem tóku allir þátt í sýningunni, jafnframt voru 11 kennarar, nokkrir skólaliðar og stuðningsfulltrúar sem tóku þátt í að undirbúa sýninguna. Í upphafi var nemendum skipt í litla hópa sem komu saman í 4 tíma hjá hverjum valkennara. Í textílmennt voru saumaðir ávextir framan á bol undir handleiðslu Sigurlaugar Guðmundsdóttur. Í myndmennt gerðu nemendur ávaxtahatta og sviðsmynd þ.m.t. ávexti, spegla, sprota og fleira. Umsjón með því hafði Bryndís Siemsen. Karen Lind Ólafsdóttir samdi dansa og æfði þá á sviðinu með nemendum. Í tónmennt hjá Katrínu Valdísi Hjartardóttur lærðu nemendurnir lögin í verkinu og æfðu sig að syngja bæði öll



saman og í litlum hópum í hljóð-nema. Foreldrar tóku einnig þátt í undirbúningi sýningarinnar með því að sauma stuttbuxur og fleiri búninga.

Þegar allir nemendurnir höfðu farið á öll svæðin hófumst við handa við að setja verkið saman og æfðum hvern bekk fyrir sig. Við pörudum saman einn þriðja bekk og einn fjórða bekk og sýndi



fjórði bekkur fyrri hluta verksins og þriðji bekkur seinni hlutann. Allir nemendurnir sungu og dönsuðu saman eitt lag í miðju verkinu og einnig í loklaginu. Hóparnir æfðu saman í nokkrar vikur fyrir árhátíðina. Hver hópur sýndi jafnframt á tveimur árhátíðarsýningum. Auk þess var leikskólabörnum boðið á sýningu, og var hún notuð sem einskonar generalprufa.

Útkoman varð að okkar mati vel heppnað árhátíðaratriði hjá þessum tveimur árgöngum. Krakkarnir voru frábærir í þessari vinnu, sýndu mikinn áhuga, þolinmæði og hæfileika. Einnig voru viðtökur sýningargesta frábærar. Það er því okkar ósk að slíkt verkefni verði gert að föstum lið í skólastarfi yngsta stigsins.

Karen Lind og Katrín Valdís



1. EGÁ – Drengir

Drengir í fyrsta bekk eru: Árni Þórir Heiðarsson, Birkir Daði Jónsson, Birkir Gunnlaugsson, Bjarki Þór Ólason, Brynjar Örn Hilmarsson, Daniél Ragnar Lúid Guðmundsson, Emil Þór Guðmundsson, Gísli Laxdal Unnarsson, Guðmundur Þór Hannesson, Hafsteinn Orri Hilmarsson, Haukur Stefán Jakobsson, Hlödver Már Pétursson, Logan Leifur Robinson, Maron Snær Harðarson, Marteinn Theódórsson, Marvín Darri Steinarsson, Mikael Hrafn Helgason, Natanael Bergmann Gunnarsson, Oddur Gíslason, Orri Hermannsson, Paual Bortkun, Pétur Vilberg Bergsteinsson, Sigurjón Logi Bergþórsson, Steindór Gauti Guðmundsson, Sæþór Kristinn Guðmundsson Valentínus Hauksson, Viktor Theódórsson, Vitaliis Kvikuss, Ægir Sölvi Egilsson.

Á myndina vantar: Árna Þóri Heiðarsson.
Kennarar: Ásta Egilsdóttir, Eygló Karlsdóttir og Gunnhildur Björnsdóttir.
Stuðningsfulltrúi: Hrafnhildur Hannibalsdóttir



1. EGÁ

Stúlkur: Amalía Rut Björnsdóttir, Amalía Sif Jessen, Aþena Ósk Eiríksdóttir, Ásta María Búadóttir, Birgitta Nótt Guðmundsdóttir, Brynhildur Traustadóttir, Daria Fíjal, Elín Dögg Þráinsdóttir, Elín Mist Sigurðardóttir, Eva María Jónsdóttir, Fanney Á Viborg Gísladóttir, Gréta María Guðmundsdóttir, Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, Helga Dis Brynjólfadóttir, Hrafninn Nótt Sigurhansdóttir, Ída Mýrdal Sigurðardóttir, Ísabella Arnarsdóttir, Karen Rut Finnbogadóttir, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Katla Marín Harðardóttir, Katrín Helga Sævarsdóttir, Katrín María Óskarsdóttir, Katrín Sól Sigurðardóttir, Klara Kristvinsdóttir, María Dis Einarisdóttir, María Mist Guðmundsdóttir, Marín Birta Pétursdóttir, Nikola Fiolna, Ólöf Rún Guðmundsdóttir, Rakel Rún Eyjólfadóttir, Róberta Lilja Ísólfadóttir, Sóley Rut Hjalmsdóttir, Telma Guðrún Jónsdóttir, Vilborg Lind Gunnarsdóttir, Yasmin Emma Helgadottir.

Á myndina vantar: Katrínu Sól Sigurðardóttur.

Kennarar: Ásta Egilsdóttir, Eygló Karlsdóttir og Gunnhildur Björnsdóttir.

Stuðningsfulltrúi: Hrafnhildur Hannibalsdóttir



2. BE

Nemendur í bekknum eru: Amelija Prizginaite, Arnór Sindri Júlíusson, Aron Vilberg Einarsson, Atli Teitur Brynjarsson, Áslaug Margrét Gísladóttir, Baldur Snær Sveinsson, Bjarney Helga Guðjónsdóttir, Bryndís Finnsdóttir, Droplaug María Hafliðadóttir, Eik Halldórsdóttir, Fríða Halldórsdóttir, Fylkeir Jóhannsson, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir, Hekla Alexía Samúelsdóttir, Hulda Sigríður Höskuldsdóttir, Ísak Máni Sævarsson, Jón Karl Kristján Traustason, Jón Mýrdal Böðvarsson, Ólöf Gunnarsdóttir.

Kennarar: Hanna María Guðbjartsdóttir og Ruth Jörgensdóttir.

Á myndina vantar: Ruth Jörgensdóttur.





2. KÓK

Nemendur í bekknum eru: Aðalheiður K. Kristjánsdóttir, Agnes Rós Sveinbjörnsdóttir, Andri Freyr Eggertsson, Anna Berta Heimisdóttir, Arna Berg Steinarsdóttir, Aron Bjarki Kristjánsson, Brynjar Aron Þorgilsson, Eva Aðalsteinsdóttir, Guðný Björg Hallgrímsdóttir, Hafðís Guðrún Halldórsdóttir, Helena Dögg Einarisdóttir, Íris Edda Steinþórsdóttir, Jakub Harasimczuk, Jón Ingi Einarsson, Kamil Swistowski, Karen Þórisdóttir, Kristmann Dagur Einarsson, Logi Breiðfjörð Framklínsson, Oskar Wasilewski, Sindri Snær Alfreðsson, Ylfa Örsk Davíðsdóttir, Þór Llorens Þórðarson.

Á myndina vantar: Kristmann Dag Einarsson

Kennari: Árný Hulda Friðriksdóttir.

3. BÞ

Nemendur í bekknum eru: Alex Mar Bjarkason, Alexía M. Baldursdóttir, Aron Máni Alfreðsson, Ágústa Margrét Björnsdóttir, Bjarki Snær Viborg Gíslason, Dagrý Björk Garðarsdóttir, Dagrý Freyja Guðmundsdóttir, Daniel Aron Jónsson, Eidur Andri Guðlaugsson, Guðfinnur Þór Leósson, Guðni Freyr Bjarnason, Hailey Anna Selkirk, Halldór Vilberg Reynisson, Hallur Bjarnason, Haraldur Sturlaugsson, Hervar Gunnarsson, Katarína Stefánsdóttir, Lúisa Heiður Guðnadóttir, María Edda Sverrisdóttir, Sigurður Grétar Gunnarsson, Sigurjón Ari Guðmundsson, Valfríður Guðmey Haraldsdóttir.

Á myndina vantar: Mariu Eddu Sverrisdóttur.

Kennari: Berglind Þráinsdóttir.



3. IE

Nemendur í bekknum eru: Arnór Sigurðsson, Aron Steinn Davíðsson, Aron Tryggvi Árnason, Auðun Ingi Hrólfsson, Auður Marín Adolphsdóttir, Ástþór Ýmir Alexandersson, Bryndís Jóna Hilmarsdóttir, Dagmar Sara Bjarnadóttir, Eva María Jónsdóttir, Helgi Laxdal Aðalgeirsson, Hilmar Halldórsson, Jóhannes Valur Hafsteinsson, Linda Ósk Alfreðsdóttir, Ólafur Ingi Ásgeirsson, Ólafur Tryggvi Eliasson, Sandra Ósk Alfreðsdóttir, Sóley Rún Einarisdóttir, Svandís Guðbjörg Karlsdóttir, Sveinn Logi Kristinsson, Una Lára Lárusdóttir.

Kennari: Ingibjörg Eggertsdóttir.

Hún Ása okkar

Næsta haust verða tímamót í sögu Grundaskóla þar sem Aðalheiður Ása Jónsdóttir lætur af störfum eftir að hafa verið starfsmaður Grundaskóla síðan í október 1982. Hún hefur lengst af verið skólaritari en starfað undanfarin ár á bókasafni skólans. Af þessu tilefni átti undirritaður stutt spjall við hana á dögnum.

Ása, eins og hún er kölluð, er fæddur Vestfirðingur, nánar til tekið frá Þingeyri í Dýrafirði. „Ég bjó fyrir vestan þangað til á sextánda ári er ég flutti á Akranes. Ég ætlaði bara stoppa stutt hérna en hef verið hér síðan.“

Eftir að hafa starfað í Verslun Einars Ólafsonar og Landsbankanum réði hún sig sem ritara við Grundaskóla. Henni finnst árin við skólann hafa verið ánægjuleg. „Starfið er mjög fjölbreytilegt og mikil samskipti við bæði kennara og nemendur.“

Þegar Ása hóf störf við skólann voru 264 nemendur í skólanum en í dag eru þeir rúmlega tvisvar sinnum fleiri. Svona mikil fjölgun nemenda kallar á ýmsar breytingar. „Það hefur orðið mikil breyting, síðan ég kom hingað, varðandi skrásetningu og geymslu gagna. Nú fer öll þessi vinna fram

í tölum sem var náttúrulega ekki þegar ég byrjaði. En það er auðvitað margt fleira sem hefur breyst. Húsnæði er t.d. orðið miklu stærra og betra en í upphafi. Þegar ég byrjaði þá var skrifstofan hérna uppi þar sem sex ára bekkurinn er núna. Þar var stúkað af með hillum á milli mín og Gutta og Ólínu og maður fór bara fyrir horn til að fara inn á kaffistofu. Það var meiri nánd á milli starfsmanna í þá daga. Nú eru starfsmenn og nemendur líka miklu fleiri. Ég man t.d. að áður var nóg að hringja og biðja um skilaboð til barna sinna eða boða veikindi án þessa að gefa upp nafn og ég þekkti fólk þá bara á röddinni.“

Aðspurð um starfsandann í skólanum í gegnum tíðina segir Ása hann hafa verið mjög góðan. „Mér finnst svo margir glaðværir hér í Grundaskóla og glaðværð sprettur frá vellíðan í starfi og einkalífi. Þessi glaðværð hefur síðan áhrif á skólastarfið. Í gegnum tíðina hefur margskonar skemmtilegt og merkilegt starf farið fram hér, enda finnst mér skólinn oft hafa verið líkt og félags- og menningarmiðstöð. Félagslíf starfsmanna hefur oftast verið mjög gott. Ég man t.d. vel eftir sólstrandargleði



starfsmanna sem haldin var í Rein, í febrúar, eitt árið. Þarna áttu allir að vera léttklæddir en við Systa saumuðum nunnubúninga og mættum í þeim öllum til mikillar ánægju ekki sist þeim sem voru á rúntinum niðri í bæ og urðu yfir sig undrandi á þessum nunnum sem komnar voru í bæinn, og það á djammid! Þarna stöðvaðist allur rúnturinn. Þessir búningar hafa svo farið út um allt land að láni.“

Minningarnar úr skólastarfinu eru margar en upp úr stendur, að mati Ásu, allur sá stóri hópur af starfsmönnum og frábærum nemendum sem hér hafa verið. „Þessu starfi hefur alltaf fylgt mikil gleði vegna þess að þú ert að umgangast svo mikið af góðu fólki. Hér hefur alltaf verið mikið frjálsræði, manni hefur verið treyst fyrir sinni vinnu og fengið að haga henni eins og manni finnst best.“

Ása segir það vissulega vera tímamót að hætta en lítur svo á sem að hún sé að ganga út í vorið, á vit nýrra ævintýra. „Ég á fimm barnabörn sem ég hef mjög gaman af að vera með. Svo fer ég í göngutúra og hjóla mikið. Þá er ég mikil hannyrðakona og les töluvert þannig að ég hlakka mjög mikið til að stunda allt þetta betur þegar ég læt af störfum.“

Á þessum tímamótum vill Ása senda Grundaskóla, starfsliði og nemendum einlægur kveðjur með ósk um velgengni og Guðs blessun. Þá vill hún þakka Soffiu á bókasafninu fyrir samstarfið undanfarin ár sem hefur verið einstaklega gott og skemmtilegt í alla staði.

Gunnar Sturla



Skólahreysti

Keppnin Skólahreysti hefur notið vaxandi vinsælda meðal skólakrakka undanfarin ár. Grundaskóli hefur verið meðal þátttakenda síðustu tvö ár og staðið sig feykilega vel, orðið Vesturlandsmeistari í bæði skiptin og komist í úrslitakeppnina. Við spurðum Áslaugu Ákadóttur út í keppnina.

Er æft markvisst fyrir keppnina eða eru æfingarnar hluti af almenntri íþróttakennslu?

Ekki er æft markvisst fyrir þessa keppni en við prófum ýmsar æfingar sem eru tengdar keppninni eins og að fara upp kaðal,



gerum þrautabraut, æfum sipp og kynnum þannig æfingarnar fyrir nemendum. Þannig fá allir nemendur að prófa og finna hve gríðarlega erfiðar æfingarnar eru.

Hvernig eru keppendur valdir?

Við höfum haldið undankeppni þar sem við setjum upp braut og þær æfingar sem eru gerðar í Skólahreysti. Þar koma allir þeir nemendur sem vilja taka þátt og keppa, þeir sem standa sig best fara sjálfkrafa í keppnina.

Hvada þýðingu hefur keppni sem þessi fyrir íþróttakennslu í skólunum?

Þessi keppni hefur mikla þýðingu fyrir íþróttakennslu, hún fær mikla umfjöllun um hvað hreyfing og heilbriggt líferni skipta miklu máli.

Og árangurinn, hefur hann staðið undir væntingum?

Við komumst í úrslit í báðum keppnunum sem er bara frábært. Hvað varðar úrslitakeppnina sjálfa höfum við kannski ekki verið nálægt toppnum en árangurinn er samt sem áður mjög góður.



Hafa svona greinar eins þær sem keppt er í orðið útundan í leikfimi-kennslu síðustu ár og er keppnin að einhverju leyti svar við því?

Ég myndi ekki segja að þær hafi verið útundan, þær hafa bara verið æfðar á annan hátt. Ég held að þessi keppni sé góð viðbót fyrir íþróttakennsluna sem verður fjölbreyttari og skemmtilegri fyrir vikið.

Hefurðu orðið var við vaxandi áhuga á þessum „hreystigreinum“ meðal skólabarna eftir að keppnin varð meira áberandi í samfélaginu?

Já ekki spurning, krakkar á öllum aldri eru orðnir spennir fyrir þessari keppni, margir sem sjá sig í framtíðinni keppa fyrir hönd Grundaskóla í hreysti sem er frábært.

Svipmyndir frá skólastarfinu





3. EJ

Nemendur í bekknum eru: Alex Bergmann Arnarsson, Anna Lilja Guðmundsdóttir, Arnar Gunnarsson, Aron Már Björnsson, Árni Snær Fjalarsson, Baldur Már Finnsson, Gabriel Ólafsson, Gilmar Þór Benediktsson, Grétar Júlíus Þorsteinsson, Grímur Ingi Einarsson, Harpa Rós Gunnarsdóttir, Karólína Andrea Gísladóttir, Magnea Rós Gunnarsdóttir, Marvín Daði Ægisson, Matthías Þorbergur Pálsson, Natalia Swistowska, Óskar Dagur Marteinson, Paulína Sadowska, Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir, Simon Orri Jóhannsson, Valgerður Margrét Vilbergsdóttir, Þórdís Líf Valgeirsdóttir.

Á myndina vantar: Arnar Gunnarsson og Þórdísi Líf Valgeirsdóttir.

Kennari: Elísabet Jóhannesdóttir.

4. EHP

Nemendur í bekknum eru: Anna Chukwunonso Eze, Axel Guðni Sigurðsson, Ástþór Ísak Jökulsson, Berglind Björk Gunnarsdóttir, Birna Sjöfn Pétursdóttir, Brynjar Freyr Hafsteinsson, Daniel Andri Valdimarsson, Elísabet Ósk Einarsdóttir, Elvar Már Sturlaugsson, Guðlaug Ásrún Grétarsdóttir, Guðný Rós Jónsdóttir, Haflíði Már Höskuldsson, Hilmar Örn Jónsson, Ingibjörg Elin Jónsdóttir, Ísak Þórhallsson, Jón Gunnar Hafsteinsson, Júlía Gunnlaugsdóttir, Leó Snær Guðmundsson, Marínó Hrannar Hjaltason, Svanhildur Skarphæðinsdóttir, Viktor Pálmason, Yrsa Katrín Karlsdóttir.

Á myndina vantar: Daniel Andri Valdimarsson og Elísabetu Ósk Einarsdóttur.

Kennari: Eyrún Þorleifsdóttir.



4. EBD

Nemendur í bekknum eru: Aðalsteinn Maron Árnason, Alda Karen Jónsdóttir, Aldís Benediktsdóttir, Alexander Örn Kárason, Árni Teitur Líndal Þrastarson, Ásthildur Jóna Haraldsdóttir, Daniel Hjörvar Guðmundsson, Emília Anna Jóhannsdóttir, Erlendur Rúnar Reynisson, Haflíði Hallur Aðalsteinsson, Halldór Karvel Bjarnason, Hildur Ýr Eiríksdóttir, Hreiðar Henning Guðmundsson, Ísak Darri Þorsteinsson, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Karen Þóll Jensdóttir, Karitas Eva Svavarsdóttir, Magðalena Lára Sigurðardóttir, Stefán Kaprasíus Gardarsson, Sunna Rós Sigmundsdóttir, Sveinn Þór Þorvaldsson, Tinna Björk Helgadóttir, Þórir Halldórsson.

Kennari: Elin Björk Davíðsdóttir.





4. KDM

Nemendur í bekknum eru: Axel Fannar Elvarsson, Ásgrímur Óskar Jóhannesson, Blaise Palmer Casanova, Eggert Halldórsson, Eva Mjöll Árnadóttir, Guðmundur Sigurbjörnsson, Gylfi Brynjar Stefánsson, Hjördis Rósa Ernisdóttir, Hulda Steinunn Óladóttir, Jóhannes Garðar Jóhannesson, Jan Borkum, Jón Helgi Sævarsson, Jónsís Hálfhánsdóttir, Linda María Rögnvaldsdóttir, Rakel Ýr Guðlaugsdóttir, Ríkharður Árnason, Sara Katrín Benediktsdóttir, Sindri Þór Harðarson, Stefán Teitur Þórðarson, Thelma Björk Jónsdóttir, Una Lilja Jónsdóttir.

Á myndina vantar: Lindu Mariu Rögnvaldsdóttur og Ríkharð Árnason.

Kennari: Krístrín Dögg Marteinsdóttir.

Stuðningsfulltrúi: Ruth Jörgensdóttir Rauterberg.

5. HKA

Nemendur í bekknum eru: Adolf Freyr Halldórsson, Almar Knörr Hjaltason, Aníta Franklinsdóttir, Arnór Jónsson, Aron Þorbjörnsson, Atli Víkar Ingimundarson, Auðun Ingi Ernisson, Árni Þór Árnason, Bryndís Rún Þórólfsdóttir, Dóra Marín Karvelsdóttir, Hafþór Pétursson, Helgi Jónsson, Hugrún Ragna Pálmadóttir, Margrét Brandsdóttir, María Ýr Þráinsdóttir, Marín Rós Eyjólfsdóttir, Mikael Máni Steinarsson, Sigríður Ylfa Arnarsdóttir, Snær Halldórsson, Stefanía Ingólfsdóttir, Veronica Líf Þórðardóttir, Viktoría Gunnarsdóttir, Þórður Arnar Jósefsson.

Á myndina vantar: Sigríði Ylfu Arnarsdóttur.

Kennari: Hildur Karen Adalsteinsdóttir.



5. SRR

Nemendur í bekknum eru: Allan Bjarki Jónsson, Árni Erling Sigmundsson, Ásgerður Ásgrímsdóttir, Benedikt Rúnar Hermannsson, Brynja Rún Björnsdóttir, Einar Ágúst Hjálmarsson, Elís Rúnar Elisson, Elísa Björk Jóhannsdóttir, Friðrik Berg Sigbórsson, Hafsís Dóra Gunnarsdóttir, Hrafn Darri Guðbjörnsson, Klara María Jónsdóttir, Kristófer Daði Garðarsson, Lovísa Ösp Helgadóttir, Margrét Sunna Mariudóttir, Natalia Wasilewska, Patryk Michalek, Sigurlaug Rún Hjartardóttir, Stefanía Berg Steinarsdóttir, Steinþór Brekkmann Steinþórsson, Þórey Petra Bjarnadóttir.

Á myndina vantar: Elísu Björku Jóhannsdóttur.

Kennari: Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir.



Flottar fyrirmyndir



Við, Lóa og Dúna í 10. bekk, vorum svo heppnar að fá að taka viðtöl við tvær þekktar ungar konur. Þær eru bæði þekktar sem frábærar knattspyrnukonur og manneskjur. Þær heita Halldóra S. Gylfadóttir og Margrét Ákadóttir eða betur þekktar sem Dóra Gylfa og Magga Áka. Undanfarið ár hafa þær komið að landsliðum kvenna í knattspyrnu, Dóra hefur verið liðstjóri U-17 ára liðsins en Margrét hefur síðustu ár verið liðstjóri A-landsliðs kvenna. Margrét fer nú í leyfi og Dóra tekur við af henni. Við spurðum þær margra spurninga sem okkur fannst spennandi og skemmtilegar fyrir ykkur lesendur, góðir fróðleiksmolar hér á ferð!

Halldóra Gylfadóttir

Knattspyrnuár Dóru voru mörg og hún átti frábæran feril í gegnum árin. Dóra byrjaði að spila með UMFB (þar keppti hún með strákum). Árið 1981 fór hún í UBK og svo 1984 í ÍA. Hún steig sín fyrstu skref í meistaraflokki í júní 1982. Hún byrjaði að æfa og spila með landsliðinu árið 1985 í ágústmánuði og lék síðasta leik sinn í júlí 1993. Samtals lék hún 14 landsleiki og skoraði eitt mark. Í landsliðinu spilaði hún fyrst sem bakvörður, fór síðan í miðvörðinn og seinni árin spilaði hún á miðjunni.

Titlarnir sem hún vann í gegnum árin voru; Íslandsmeistari innanhúss með ÍA 1984, Íslandsmeistari utanhúss með UBK 1982-1983 og ÍA 1984-1985-1987. Hún var bikarmeistari með UBK 1982 og ÍA 1989-1991-1992-1993. Dóra var valin efnilegasta knattspyrnukona Íslands árið 1986, besti leikmaður ÍA og markadrottning 1986. Góð fyrirmynd!

Eftirminnilegustu leikir hennar voru landsleikirnir við Skotland –heima og að heiman árið 1993. Í leiknum úti var Halldóra valin besti leikmaður leiksins og hérna heima unnu þær 2-1 og skoraði hún fyrra markið og lagði það síðara upp.

Bestu samherjar hennar voru allar stelpurnar í ÍA-liðinu árin 1984-85. „Frábær hópur“ sagði Dóra. Erfiðustu andstæðingarnir voru Ragnheiður Víkingsdóttir og Guðrún Sæmundsdóttir, báðar úr Val. Sætasti sigurinn var þegar Halldóra mætti gamla liðinu sínu UBK í fyrsta skipti eftir að hún skipti yfir í ÍA. Hún var frekar stressuð fyrir þann leik en þurfti samt sem áður ekki að hafa neinar áhyggjur. „Við unnum 3-1 og ég

hér heima, syni mína Ragnar og Guðfinn Þór. Það verður líka að segjast að Cristiano Ronaldo er algjör snillingur. Uppáhalds knattspyrnukonan er Maren, dóttir mín. En Margrét Lára er sú besta sem ég hef séð, frábær leikmaður“ sagði Dóra. Besti leikmaður Íslands fyrr og síðar er Ásgeir Sigurvinsson að hennar mati. Efnilegasti knattspyrnumaðurinn er Ragnar Leósson í ÍA og efnilegasta fótoltakonan er Sara Björk Gunnarsdóttir í Haukum.

Dóra hefur unnið með landsliðum kvenna undanfarið og henni finnst rosalega gaman að vera með stelpunum í U-17. „Þær eru mjög áhugasamar og metnaðarfullar og það er gaman að getað tekið þátt í þessu með þeim“. Dóra verður hins vegar lítið með þeim í sumar þar sem hún ætlar að leysa Möggu af sem liðsstjóri hjá A-landsliðinu. Fyrsta verkefnið með þeim var æfingaferð til Finnlands í maí. „Þegar maður er með svona mikla fótoltadellu þá er rosalega gaman að taka þátt í svona verkefnum“ sagði Dóra. Henni finnst kvennaboltinn hafa þróast hér á landi í gegnum árin. Stelpurnar eru tekniskari í dag og leikmenn liprari. Þær eru líka mikið yngri þegar þær byrja að æfa. En það vantar samt meiri metnað og það þarf að breyta aðeins forgangsroðinni. Fótoltæfingin á vera númer eitt en svo er oft ekki“.

Allir upplifa einhver vonbrigði á ferli sínum, hvort sem þau eru mikil eða lítil þá var alveg óþolandi að tapa svona mörgum leikjum í úrslitaleikjum í bikarkeppninni.

man ég skoraði með skalla, ekki leiðinlegt!“.

Þegar hún er spurð um átrúnaðargóð sín á yngri árum segist hún ekki hafa átt sér nein slík en hún er forfallin Manchester United aðdandi – margir góðir þar. „Í dag á ég tvo uppáhalds fótoltastráka





Margrét Ákadóttir

Margrét Ákadóttir, Magga Áka, á einnig glæstan feril að baki. Magga hefur spilað með ÍA, Breiðabliki og liði frá Árhús í Danmörku. Hún steig sín fyrstu skref í meistaraflokki aðeins 14 ára gömul og var einungis 15 ára þegar hún spilaði sinn fyrsta leik með unglingslandslíði Íslands. „Ég hef unnið nokkra titla, bæði í meistaraflokki og með yngri flokkunum“ sagði Margrét þegar hún var spurð um titlana í gegnum árin.

Mestu vonbrigðin hennar voru þegar hún sleit krossband aðeins 15 ára og var frá í eitt ár. Daginn eftir var henni tilkynnt að hún hefði verið valin í 16 ára landsliðið! Magga var í landsliðinu í nokkur ár með hléum vegna meidsla.

Eftirminnilegasti leikurinn hennar Margrétar var þegar liðið varð bikarmeistari árið 1993. „Við unnum Stjörnuna 3-1 og skoraði ég eitt mark. Staða okkar í deildinni var ekki nógu góð en við komum flestum á óvart með frábærum árangri í bikarkeppninni.“ sagði Magga um leikinn.

Magga segist hafa átt marga góða samherja í gegnum tíðina með Skagaliðinu, Blikaliðinu og landsliðinu. En hennar erfiðustu andstæðingar voru Olga Færseth og Ásthildur Helgadóttir. Aðspurð um sætasta sigurinn segir hún:

„Allir sigrar eru sætir (kannski sá sætasti þegar ég náði í kallinn minn).“

Á hennar yngri árum voru Siggí Jóns og Ian Rush átrúnaðargóðin en í dag eru Jón Vilhelm, „litli“ bróðir hennar og stelpurnar í A-landsliðinu í uppáhaldi. Efnilegasta knattspyrnufólkið að hennar mati eru Arnór, sonur hennar, og Bryndís Rún frænka hennar (Einnig eru ansi margir efnilegir nemendur í 10. MÁ). Besti íslenski knattspyrnumaðurinn fyrr og síðar er Eiður Smári að mati Möggu.

Margrét Ákadóttir hefur verið mikilvægur hlekkur í velgengni A-landsliðs kvenna, en hún hefur verið liðsstjóri þess um nokkurt skeið. Þegar hún var spurð út í starfið svaraði hún: „Það er mjög gaman að vera liðsstjóri með A-liðinu. Það er gaman að geta starfað samhliða áhugamálinu sínu. Stelpurnar og þjálfarateymið eru bæði metnaðarfull og skemmtileg en í þannig umhverfi er frábært að starfa“. Magga telur að landsliðið sé svo sannarlega á réttri leið og að möguleikarnir á að komast á stórmót hafi aldrei verið betri en núna. „Það er erfitt að benda á eitthvað sem má bæta og breyta á þessum tímamarki. Liðið er

Margrét Lára um Möggu Áka

„Magga Áka er alveg einstök manneskja í alla staði. Hún hefur verið í kringum landsliðin í rúm 3 ár og sinnt því starfi með mikilli þrýði. Alltaf tilbúin að gera allt fyrir okkur stelpurnar og vinnur ávallt fyrir okkur. Þrátt fyrir að Magga sé frábær liðsstjóri má ekki gleyma því að hún á glæstan feril að baki sem leikmaður þar sem hún var einstakur leiðtogi, baráttujaxl og fyrirmynd. Magga er frábær í alla staði og vonandi verður hún með okkur í landsliðinu um ókomin ár. Við eigum eftir að sakna Möggu á þessu ári þar sem hún mun ekki geta tekið þátt í verkefnum með okkur en við óskum henni alls hins besta og hlökkum til að fá hana aftur sem allra fyrst“.

að blómstra og heldur því vonandi áfram. Kvennaboltinn hefur þróast í gegnum árin og að það eru miklu fleiri góðir leikmenn í dag en áður og stelpurnar hafa nú betri tækni og boltameðferð. Einnig eru stelpurnar farnar að æfa meira en áður og það skilar sér í betri leikmönnum“ sagði Magga.



Sigurður Ragnar Eyjólfsson um Möggu Áka

„Margrét Ákadóttir er mjög mikilvægur hlekkur hjá okkur í A-landsliði kvenna. Það er hægt að stóla á að hún geri alla hluti 100%. Hún er jákvæð og mjög áreiðanleg, hörkudugleg og hefur góð áhrif á fólkið í kringum sig. Það hefur verið frábært að hafa hana með okkur í landsliðsferðum, hún nær vel til allra leikmannanna og þær finna að þær geta treyst henni. Margrét býr til gott andrúmsloft í kringum sig sem smitast til leikmanna og þeirra sem starfa í kringum landsliðið. Hún er ein af mörgum ástæðum þess að A-landsliði kvenna gengur svona vel. Við hlökkum mikið til að fá hana aftur í lið með okkur“.



6. ÍA

Nemendur í bekknum eru: Albert Hafsteinsson, Aldís Rós Hrólfsdóttir, Aldís Ylfa Heimisdóttir, Arnþór Snær Hjaltason, Auðum Andri Ólafsson, Ásrún Ösp Jóhannesdóttir, Ástrós Ólafsdóttir, Björnfríður S. Björnsdóttir, Daniel Þór Heimisson, Elmar Gisli Gíslason, Ester Lind Theodórsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Guðjón Snær Einarsson, Guðný Björk Proppé, Guðrún Karitas Sigurðardóttir, Helgi Grétar Gunnarsson, Hördur Þór Harðarson, Katarínus Björnsson, Kristinn Máni Svavarsson, Kristín Ósk Björnsdóttir, Kristján Þór Jónsson, Lilja Bjarklind Gardarsdóttir, Pétur Haflíði Sigurðsson, Sara Yr Jónsdóttir, Tryggvi Björn Guðbjörnsson, Tryggvi Hrafn Haraldsson.
Kennari: Íris Aðalsteinsdóttir

6. OV

Nemendur í bekknum eru: Albert Páll Albertsson, Aron Tryggvi Þorsteinsson, Auður Gunnlaugsdóttir, Axel Brafi Bjarnason, Björn Hreiðar Pálsson, Breki Harðarson, Brynja Dögg Magnúsdóttir, Eidur Daði Bjarkason, Elinborg Llorens Þórdardóttir, Elisabet Hlín Steinþórsdóttir, Fimbogi Rúnar Kristjánsson, Guðmundur Bjarni Björnsson, Guðmundur Darri Sverrisson, Guðrún María Aðalsteinsdóttir, Haflíði Stefánsson, Hrafnhildur Steinunn Sigurþórsdóttir, Jóhanna Ösp Stefánsdóttir, Kristbjörg Viðisdóttir, María Rún Ólafsdóttir, Óliver Darri Bergmann Jónsson, Ragnar Már Lárusson, Ragnheiður Eva Guðmundsdóttir, Sara Lind Sigmarsdóttir, Stefán Logi Samúelsson, Vilborg Júlía Pétursdóttir.
Á myndina vantar: Guðmund Bjarna Björnsson og Mariú Rún Ólafsdóttir.
Kennari: Oddný Valgeirsdóttir.



7. EPS

Nemendur í bekknum eru: Arnaldur Ægir Guðlaugsson, Arnar Árnason, Birta Þöll Kristjánsdóttir, Fannar Geir Sigurgeirsson, Gabriel Örn Kjartansson, Guðlaugur Þór Brandsson, Guðmundur Gestur Gardarsson, Hafdis Dögg Rúnarsdóttir, Hafdis Mist Bergsteinsdóttir, Íris Irma Ernisdóttir, Karen Sól Sævarsdóttir, Kolbrún Ósk Kolbeinsdóttir, Kristinn Gauti Gunnarsson, Kristín Ása Hjalmsdóttir, Magnús Heiðar Gunnarsson, Rut Hrafn Elvarsdóttir, Simon Þengill Jóhannsson, Sverrir Mar Smáráson, Sýlvía Björk Jónsdóttir, Viktoría Rós Víktorsdóttir, Þóður Páll Fjalarsson, Þóður Þorsteinn Þórdarson.
Á myndina vantar: Þórd Þorstein Þórdarson
Kennari: Elis Þór Sigurðsson.



Móðurskóli í umferðarfræðslu

Grundaskóli er móðurskóli í umferðarfræðslu á landinu. Hér í Grundaskóla er unnið markvisst að því að kynna umferðarmál og umferðarkennslu, bæði fyrir nemendum skólans en einnig fara starfsmenn skólans út um landið og kynna fyrir kennurum í öðrum skólum vefinn umferd.is. Í janúar var Sigurður Þór Elísson ráðinn í stöðu verkefnastjóra í umferðarfræðslu. Hann tók við því starfi af Þórdísi Þórisdóttur sem er í fæðingarleyfi. Púlsinn tók tal af Sigurði Þór.

Hver eru helstu verkefni umferðarfulltrúa hér í Grundaskóla?

„Það er fyrst og fremst að vinna með vefinn umferd.is. Einnig er stór hluti af mínu starfi að fara og kynna vefinn í grunnskólum. Þannig að ég er töluvert mikið á ferðinni um landið.“

Umferd.is? Getur þú sagt okkur betur hvað það er og hverjir standa á bak við það?

„Umferd.is er vefur sem Grundaskóli, Umferðarstofa og Námsgagnastofnun gerðu samkomuleg um að gera. Grundaskóli sér um allt námsefni á umferd.

is. Inni á vefnum er að finna mikið af efni. Þar eru leikir og námsefni fyrir alla bekkir grunnskólans og leiðbeiningar fyrir kennara og foreldra.“

Sinnir Grundaskóli sem móðurskóli umferðarfræðslu á öllu landinu?

„Grundaskóli er móðurskóli, en þó við séum öflug þá náum við ekki að fara um allt land. Því fengum við til liðs við okkur nokkra samstarfsskóla, þ.e. bjuggum til leiðtogaskóla í hverjum landshluta fyrir sig en Grundaskóli sér um Vesturland, Vestfirði, Suðurnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnafjörð. Þá aðstoðum við leiðtogaskólana með vandamál sem koma upp hjá þeim.“

Hvernig hafa aðrir grunnskólar tekið umferd.is?

„Mjög vel og allir eru mjög áhugasamir um að gera umferðarfræðslu betri skil, almennt vilja skólarnir standa betur að umferð-



armálum og umferðarfræðslu en þeir hafa gert til þessa. Við verðum öll að gera okkur grein fyrir að umferðarslys eru orðinn þriðji stærsti heilbrigðisvandinn í heiminum, t.d. lætur ein og hálf milljón barna lífið í umferðinni á hverju ári. Á Íslandi látast að meðaltali 24 einstaklingar í umferðarslysum á ári hverju og tvö til þrjú hundruð slasast alvarlega.“

Með þessum orðum kveðjum við Sigurð og þökkum honum fyrir spjallið.

Hollvinir Grundaskóla

Nú þegar Grundaskóli hefur slitið barnastígvélunum, unglingskónum og er kominn langt á leið með þriðja parið er kominn tími til að huga að sögu og almennum hagsmunum skólans. Því hefur Hollvinafélag Grundaskóla verið stofnað.

Markmið Hollvinafélagsins eru háleit. Helsta markmiðið verður að skrá og komast í samband við sem flesta fyrrverandi nemendur skólans. Einnig verður hugað að sögu skólans m.a. með því að gera allt myndefni úr safni skólans aðgengilegt almenningi. Það eitt og sér er geysilega stórt og mikið verk því starfsmenn skólans hafa allt frá upphafsdögum hans verið

duglegir við að nýta sér myndbandstæknina og því mikið efni til á misgóðum miðlum. Félaginu er svo síðast en ekki síst ætlað að hlúa að skólanum og gæta hagsmuna hans hvar sem því verður við komið.

Til að vinna að slíkum verkefnum verður félagið að hafa allar klær úti til að fjármagna þau. Aðild að félaginu verður þrátt fyrir það gjaldfrjálst enda aðalmarkmið félagsins að ná í sem flesta fyrrverandi nemendur skólans. Þó er ekki útilokað að leitað verði til félagsmanna í framtíðinni þegar stór verkefni standa fyrir dyrum, slíkt verður þó ávallt valfrjálst.



Stjórn Hollvina hvetur alla fyrrverandi nemendur skólans til að skrá sig á hollvinir@grundaskoli.is eða með því að fara á <http://hollvinir.grundaskoli.is> og skrá sig þar. Allt sem þarf er nafn, netfang og kennitala og viðkomandi er orðinn hollvinur Grundaskóla.

Fyrsti 6 ára barna- kennari Akraness

Rætt við Elísabetu Jóhnesdóttur



Elísabet Jóhnesdóttir hefur verið kennari við Grundaskóla frá 1984. Áður var hún kennari við Barnaskóla Akraness, Brekkubæjarskóla og sinnti þar sex ára barna kennslu um tíma. Hún er fyrsti sex ára barna kennarinn á Akranesi. Við ræddum við Elsu um upphaf sex ára barna kennslu og þróun hennar.

Elsa útskrifaðist vorið 1971 sem fóstura og starfaði sem leikskólustjóri á Höfn í Hornafirði eitt sumar og síðan fóstura í Reykjavík áður en hún flutti á Skagann vorið 1972. „Um þetta leyti var verið að vinna að því að koma á fót forskóla fyrir sex ára börn við Barnaskóla Akraness, sem síðar var nefndur Brekkubæjarskóli, en fyrir þann tíma tíðkaðist almennt ekki að börn hæfu skólagöngu fyrr en á sjöunda ári. Nú, það fór svo að formaður skólanefndar hafði samband við mig fljótlega eftir að ég flutti hingað upp eftir og fór þess á leit við mig að ég tæki að mér að byrja með forskóladeildina. Ég þekkti ekki mikið til for-

skólakennslu en ákvað samt að taka að mér verkefnið. Ég fór m.a. á sex vikna námskeið um forskólakennslu í Reykjavík með kennurum þaðan. Þarna lærðum við hvernig haga átti lestrarkennslu og einnig svokallaðar foræfingar en forskólinn snérist mikið um að kenna börnunum að vera í skóla, kenna þeim að sitja í sætum og ýmsar reglur, ásamt því að kenna þeim að lesa.“

Forskólinn hafði í för með sér miklar breytingar frá því sem áður þekktist, t.a.m var ekki raðað í hópa eftir lestrargetu eins og fram að þessu var gert, heldur var börnunum raðað í hópa eftir búsetu. Hinu hefðbundna fyrirkomulagi að láta börnin sitja í gluggaröð, miðröð og dyrraröð var einnig breytt og borðunum raðað upp í einingar í stadinn. Þá voru í skólastofunni spil og kubbar og bækur og fleira sem almennt fannst ekki í skólastofum þessa tíma. Lagt var meira upp úr leik barnanna en áður hafði verið í fyrsta bekk og ætlunin að brúa betur bilið milli leikskólagöngu barnanna og skóla-

göngunnar. Árgangur barna sem fæddust 1966 var sá fyrsti sem fór í gegnum forskólann. „Þessir krakkar fengu bara einn og hálfan tíma á dag í kennslu enda var þessi kennsla bara tilboð til barna og foreldra en ekki skylda eins og í dag. Þó var það svo að stór hluti þessa árgangs nýtti sér þetta og mér er minnstætt að allir sýndu þessu mjög mikinn áhuga, bæði foreldrar og samkennarar sem og skólastjórnin. Menn fylgdust vel með þessu starfi og það gekk mjög vel.“

Þrátt fyrir mikinn áhuga fólks á forskólanum þá var hann fyrstu árin á hrakhólum. Fyrsta árið var hann í barnaskólanum en árið eftir var ekki pláss fyrir svo marga nemendur þar. „Nemendum í skólanum fjölgaði mikið á þessum tíma því að með sex ára deildinni bættist við heill árgangur. Þetta varð til þess að eftir fyrsta veturinn varð ég að flytja mig niður í Slysavarnarhús með hópinn. Sá vetur gekk líka mjög vel en við vorum samt svolítið einangruð frá skólanum þar sem við vorum ekki í sama húsnæði. Veturinn eftir fluttum við svo í kjallarann á íþróttahúsinu þar sem sex ára deildin var til húsa í fjölmörg ár.“

Veturinn í Slysavarnarhúsinu fjölgaði kennurum forskólans úr einum í tvo en Margrét Jónsdóttir kom þá til liðs við Elsu. „Það var ákaflega gott og gaman að fá Möggu til liðs við sig og mér hefur alltaf þótt það góð blanda að hafa leiksskólakennara og grunnskólakennara saman í fyrsta bekk grunnskólans. Við höfum einmitt verið mjög heppin í Grundaskóla



að hafa slíka blöndu í yngstu bekkjunum.“

Mikil breyting varð á forskólanum þegar hann varð skylda, þ.e. þegar hann varð sex ára bekkur. „Áður var forskólinn svolitil tilraunastarfsemi og ekki eins niðurnjörvaður. Við breytinguna komst meiri festa á starfið og þá lengdist líka tíminn sem börnin voru í skólanum. Þessu fylgdu margir kostir, t.d. að nú komu öll börnin inn í skólann á sama tíma sem var mjög mikilvægt. Þegar öll börnin komu inn í skólann á sama ári gafst meiri möguleiki á að jafna stöðu barnanna sem fyrst. Þarna er grunnurinn lagður og því mikilvægt að ná til allra barnanna.“

Meginverkefni sex ára kennslu er í dag, líkt og forðum í forskólanum, lestrarkennsla. Kennsluðferðirnar hafa þó breyst nokkuð. „Áður beittum við svokallaðri hljóðaðferð sem þá var nýtilkomin við lestrarkennslu. Hún þótti myndræn og skemmtileg, búna til sögur og síðan komu stafirnir á eftir. Síðan hefur orðið heilmikil þróun í starfinu. Það nýjasta er t.d. Byrjendalæsi sem er í fyrsta



skipti kennt í yngsta bekk og mér virðist vera mjög spennandi. Söguaðferðin hefur verið mikið notuð hér í öllum yngstu bekkjum og er það kannski nokkur breyting að það eru notaðar sömu aðferðir á öllu yngsta stiginu. Áður fyrr var kennslan í forskólanum og í 7 ára bekk svo ólík. Þá hefur hér átt sér stað heilmikil þróun í því hvernig eigi að taka á móti krökkunum í skólann. Þróunarverkefni hafa í



gegnum tíðina verið unnin á milli leikskóla og skóla og breytingarnar hafa orðið heilmiklar, ekki bara í skólanum heldur líka í leikskólanum. Í dag eru leikskólarnir margir hverjir að vinna með þá hluti sem ég var að vinna með í forskólanum gamla. Fyrir vikið er allt annað að taka á móti börnunum í fyrsta bekk í dag heldur en áður þegar börnin höfðu bara verið meira og minna í leik í leikskólanum. Nú hafa þau fengið svo mikla „forskólun“ að við getum byrjað á meira skipulagðri vinnu og markvissari. Samvinna milli leikskóla og grunnskóla er mun meiri í dag eins og verkefnið Brúum bilið er til marks um.“

En það eru ekki aðeins kennsluáferðirnar sem hafa breyst á þessum tíma sem Elsa hefur verið við störf, nemendurnir hafa líka breyst. „Í dag eru nemendurnir mun sjálfstæðari og opnari en áður. Þau voru voða litil og hrædd þarna fyrst, svona í minningunni. Nú eru börnin öruggari með sig og meira skapandi en áður og því er auðveldara að fá þau í alls konar verkefni. Þetta kallar hinsvegar á meiri aga og börnin þurfa meira aðhald en áður fyrr. Kennsluáferðirnar byggja líka meira á sköpun barnanna í

dag og að veita þeim meira frelsi til að blómstra á eigin forsendum á meðan að það var hugsanlega meiri mötun í gangi hér áður.“

Aðspurð um hvað hún telji mikilvægast í kennslu ungra barna telur Elsa að leikur og líðan barnanna ráði mestu um árangur. „Almennt sem leikskólakennari þá held ég að við megum aldrei gleyma leiknum, af því að hann er náttúrulega alveg gífurlega stórt atriði hjá börnum á þessum aldri og í honum læra þau svo mikið. Ég held líka einmitt að leiksvins vegna hafi grunnskólinn haft mjög gott af því að fá 6 ára börnin inn, því að með þeim kemur leikurinn inn í skólana og heldur síðan áfram upp eftir stiginum. Í gamla daga fóru kannski fyrstu bekkirnir í að skilja einmitt að skóla og leik, t.d. með stifari uppröðun í skólastofunum o.s.frv. Leikurinn eykur velliðan barnanna í skólanum en ég tel að líðan barnanna skipti einmitt mestu málið varðandi skólagöngu þeirra. Það er mjög mikilvægt að barnið upplifi skólann á jákvæðan hátt.“

Eftir yfir 30 ár í kennslu þá er margt eftirminnilegt en það sem Elsu finnst standa upp úr eru góð kynni af fjölmörgum foreldrum. „Það er mér ofarlega í huga hvað ég hef kynnst mikið af frábærum foreldrum. Mér finnst þeir standa sig alveg gríðarlega vel í sinu hlutverki og setja börnin sín í forgang í lifinu.“

Gunnar Sturla



7. LJ

Nemendur í bekknum eru: Alexander Már Þorláksson, Arnar Freyr Sigurðsson, Arnar Ólafsson, Ágúst Helgi Baldursson, Ástrós Líf Rúnarsdóttir, Birna Björk Hölludóttir, Eyrún Eidsdóttir, Freyja Kristjana Bjarkadóttir, Gréta Stefánsdóttir, Halldór Finnsson, Ingibjörg Helga Rögnvaldsdóttir, Ingileif Egilsdóttir, Konráð Freyr Sigurðsson, Palmi Reynisson, Salome Jónsdóttir, Sigursteinn Atli Ólafsson, Sívía Sif Ólafsdóttir, Stefán Már Guðmundsson, Sævar Berg Sigurðsson, Una Rákel Hafliðadótti, Þorvaldur Arnar Guðmundsson.

Á myndina vantar: Halldór Finnsson, Ingibjörgu Helgu Rögnvaldsdóttur og Stefán Má Guðmundsson.

Kennari: Leó Jóhannesson.

Stuðningsfulltrúi: Halldóra Gylfadóttir.

7. SÓ

Nemendur í bekknum eru: Adda Malín Vilhjálmssdóttir, Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Arnar Freyr Sævarsson, Arnar Steinn Ólafsson, Elva Björk Magnúsdóttir, Hafðis Ósk Jónsdóttir, Hannes Marvín Óðinsson, Hákon Ingi Einarsson, Heiðrún Ósk Magnúsdóttir, Helena Bequette, Helgi Sigurðsson, Hrónn Óskarsdóttir, Indriði Áki Þorláksson, Ída Logadóttir, Jakub Podlewski, Júlía Björk Jóhannsdóttir, Krístrún Haraldsdóttir, Lovísa Hrunn Svavarsdóttir, Maciej Bielski, Marínó Hilmar Ásgeirsson, Nina Alexandersdóttir Eck, Ólöf Ósk Einarssdóttir, Sindri Snær Alfreðsson, Unnur Inga Karlsdóttir.

Kennari: Sigríður G. Ólafsdóttir.



8. EV

Nemendur í bekknum eru: Agnesa Andreudóttir, Andri Freyr Gunnarsson, Birgir Viktor Hannesson, Dagbjört Inga Grétarsdóttir, Elsa María Guð-laugsdóttir, Eva Rún Bequette, Eyþór Helgi Pétursson, Friða Rún Gylfadóttir, Guðrún Ýr Bjarnadóttir, Hafþór Dadi Halldórsson, Helgi Ólafsson, Hróbjartur Trausti Árnason, Karl Svanhólm Þórisson, Margrét Saga Gunnarsdóttir, María Rós Björnsdóttir, Matthías Ásgeirsson, Sindri Snæfells Kristinsson, Særos Ýr Þráinsdóttir, Unnur Ýr Haraldsdóttir, Valdis Marselía Þórðardóttir. Á myndina vantar: Guðrúnu Ýr Bjarnadóttur.

Kennari: Einar Viðarsson.





8. LK

Nemendur í bekknum eru: Alexander Freyr Jensson, Alexandra Hlíf Jóelsdóttir, Atli Albertsson, Björn Þór Björnsson, Bragi Þór Halldórsson, Eva Ösp Sæmundsdóttir, Guðmundur Sverrisson, Hafðis Lilja Hafsteinsdóttir, Hafsteinn Einar Ágústsson, Hekla Haraldsdóttir, Inga Lára Guðmundsdóttir, Jóhann Hergils Steinþórsson, Ómar Logi Þorbjörnsson, Patrekur Sveinn Þorkelsson, Sigurður Böðvarsson, Sóley Hálfhánsdóttir, Sólveig Rún Samúelsdóttir, Stefanía Sól Sveinbjörnsdóttir, Særós Gunnlaugsdóttir, Vera Kristín Jónasdóttir.

Á myndina vantar: Jóhann Hergils Steinþórsson.

Kennari: Laufey Karlsdóttir.

8. VH

Nemendur í bekknum eru: Arnór Bjarki Grétarsson, Elín Birna Jóhannsdóttir, Elísa Svála Elvarsdóttir, Eva Rún Barðadóttir, Guðlaug María Jónsdóttir, Gunnhildur Björk Jóhannesdóttir, Heiðrún Anna Sigurðardóttir, Ingveldur María Hjartardóttir, Jónas Kári Eiríksson, Justyna Kisiel, Kristján Alexander Friðriksson, Maren Leósdóttir, Marvín Prastarson, Pétur Aron Sigurðsson, Piotr Mochola, Ragnar Þór Gunnarsson, Sigurður Ingi Ágústsson, Snorri Már Lárusson, Steinunn Traustadóttir, Trausti Guðmundarson.

Kennari: Vilborg Helgadóttir.



9. IS

Nemendur í bekknum eru: Anton Örn Rúnarsson, Arnór Freyr Simonarson, Brynja Björk Guðmundsdóttir, Einar Þór Gunnarsson, Eyþór Örn Gunnarsson, Gísli Þór Gíslason, Hafðis Ingimarsdóttir, Hallbera Rún Þórðardóttir, Halldór Bjarki Ólafsson, Helga Björg Prastardóttir, Katla Rún Baldursdóttir, Kristín Ósk Guðmundsdóttir, Kristján Valur Jóhannsson, Kristrún Skúladóttir, Linda Hrönn Óðinsdóttir, Linda Ýr Stefánsdóttir, Olgeir Sölvi Karvelsson, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir, Tóbiás Bergmann Sóleyjarson, Valdís Rut Jónsdóttir, Þóra Björk Ingimundardóttir.

Á myndina vantar: Anton Örn Rúnarsson, Kristján Val Jóhannsson og Tóbiás Bergmann Sóleyjarson.

Kennari: Ingibjörg Stefánsdóttir.

Árgangur '92 kveður

Nú eru 10 ár liðin af okkar yndislegu skólagöngu hér í Grundaskóla. Við höfum gengið í gegnum súrt og sætt saman. Við komum hingað árið 1998 og mættum tilbúin í slaginn. Þá voru það Rósa Einarsdóttir, Ásta Guðjónsdóttir og Sigríður Indriðadóttir sem tóku á móti



okkur. Það var margt skemmtilegt brallað, eins og til dæmis risaeðluverkefnið skemmtilega. Við vorum að gera risaeðluland og bekkirnir skiptust á að mála yfir það sem á undan hafði verið gert og það varð mikið rífrildi út af því milli bekkja. Það var mjög vinsælt að fara í kyssó í frímínútunum

og þurftu allir að hlaupa eins og fætur togugu allar frímínúturnar ef þeir vildu ekki enda með einn blautan í fésinu. Fyrstu árin voru mjög fljót að líða og margt skemmtilegt sprellað. Í öðrum bekk tók Sigurveig Kristjánsdóttir við og Ásta Guðjónsdóttir hætti. Þegar í fjórða bekk kom var öllu breytt og allir bekkirnir urðu að gjöra svo vel og mæta klukkan átta í skólann og þá voru það Sigurlaug Guðmundsdóttir og Vilborg Helgadóttir sem voru með okkur. Á þessum árum var mikil spenna milli bekkja og ekki tíðkaðist það nú að eiga vini úr „hinum bekknum“ – onei!

Í sjöunda bekk voru kennararnir okkar Vilborg og Steinunn. Í sjöunda bekk var farið í Reykjaskóla. Það var mjög skemmtileg og dramatísk ferð. Strákarnir úr Grundaskóla virtust á einhvern óskiljanleg hátt laðast að stelp-



unum í hinum skólanum en það var nú illa liðið hjá stelpunum í



Grundaskóla og börðust þær því með kjafti og klóm um strákana við hinar stelpurnar. Í sjöunda bekk komu líka danskir krakkar í heimsókn til okkar og það var mjög áhugaverð vika, kannski örlitlir tungumálaörðugleikar en einnig mörg gullkornin sem komu þegar sprellað var í Dönnunum.

Í áttunda bekk tóku svo við okkur Margrét Ákadóttir og Sigurjón Jónsson og árið eftir tók Flosi svo við Steinunnar bekk.

Þegar við komum í unglinda-deildina varð stór breyting á mannskapnum og herjaði mikill sjúkdómur á flesta nemendur, já Gelgjan var komin í hús. Þetta ár var settur upp söngleikurinn Hunangsflugur & Villikettir og tóku nokkrir nemendur úr áttunda bekk þátt í því og gekk það vonum fram. Einnig henti árgangurinn sér út í kvikmyndaframleiðslu þetta árið og komu þrjár sprengihlægilegar myndir út úr þessu brólti og margar skemmtilegar minningar tengdar upptökuferlinu.

Í níunda bekk var svo farið alvarlega út í leiklistina er við tókum þátt í Comeniusarverkefni sem snerist um að gera söngleikinn Draumaleit. Við byrjuðum í desember að æfa lögin og ákveða í hlutverk. Leikritið var frumsýnt í apríl og voru sýningar alveg fram í maí. Þetta var án efa hápunktur skólagöngunnar og öllum fannst mjög gaman að vera með í þessu verkefni. Í níunda bekk var einnig farið á Laugar sem var mjög skemmtileg ferð. Hápunktur ferðarinnar var án efa draugakvöldið þar sem nokkrir ónefndir strákar urðu svo hræddir að það glitti í tár og töluðu um heimferð.

Það eru ófá gullkornin sem koma upp í kollinn á manni þegar maður hugsar um liðin ár. Til dæmis þegar Hilmar kom einn daginn með aðra augabrúnina rakaða af og allar stundirnar sem Kolbeinn hefur eytt sofandi á gólfinu.

Það hefur alltaf verið mikið stuð í skólaferðunum hjá okkur eins og til dæmis í Skorradalsferðunum.

Dvöl okkar í Grundaskóla hefur verið mjög skemmtileg. Það hefur

verið mjög ánægjulegt að kynna öllum þessum yndislegu krökkum og kennurum. Það verður án efa mjög erfitt að kveðja skólann þegar við útskrifumst þann 2. júní. Við eigum héðan frábærar minningar og Grundaskóli verður alltaf skólinn okkar!

Að endingu viljum við þakka fyrir öll árin, þetta hefur verið frábær tími.

Kveðja - Árgangur 1992





9. SR

Nemendur í bekknum eru: Alexander Egill Guðmundsson, Alexandra Björk Guðmundsdóttir, Arnór Kristinn Hjálmarsson, Benedikt Valur Árnason, Berglind Hrönn Einarsdóttir, Daniel Rodrigues Jónsson, Emília Halldórsdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Eydis Sunna Ægisdóttir, Friðrik Arthúr Guðmundsson, Ína Sigrún Rúnarsdóttir, Jón Pétur Vilhelmsson, Kristín Björk Lárusdóttir, Kristján Ari Guðmundsson, Lilja Rut Bjarnadóttir, Oddur Andrés Guðsteinsson, Ósk Hjartardóttir, Pálmi Gunnlaugsson, Sigríður Lóa Björnsdóttir, Sigvaldi Agúst Guðmundsson, Teitur Pétursson.

Á myndina vantar: Daniel Rodrigues Jónsson.

Kennari: Sigríður Ragnarsdóttir.

9. UÁ

Nemendur í bekknum eru: Birkir Hrafn Vilhjálmsson, Birta Stefánsdóttir, Dagmar Elsa Jónasdóttir, Daniel Magnússon, Elísa Valdís Einarsdóttir, Emília Katarzyna Hebða, Guðlaug Marín Gunnarsdóttir, Hafþór Freyr Hjálmarsson, Hafþór Ingi Pálsson, Harpa Hólm Heimisdóttir, Heiður Heimisdóttir, Hulda Margrét Brynjarsdóttir, Höskuldur Heiðar Höskuldsson, Inga Elín Cryer, Jón Unnar Guðmundsson, Kristófer Már Maronsson, Magnús Björn Sigurðsson, Patryk Krystian Forys, Petrea Hjartardóttir, Sigríður Edda Valdimarsdóttir, Sigrún Eva Ármannsdóttir.

Á myndina vantar: Petreu Hjartardóttur.

Kennari: Úrsula Ragna Ásgrímsdóttir.



Lága verðið léttir lífið

VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON

Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015 og 431 1015



10. FE

Nemendur í bekknum eru: Alda Björk Einarsdóttir, Allan Freyr Vilhjálmsson, Andri Adolphsson, Anna Lóa Bardadóttir, Arnór Ingi Jónasson, Ásta Gunnarsdóttir, Bjarki Þór Jóhannsson, Bryndís Matthíasdóttir, Eiríkur Bergmann Henn, Hallur Flosason, Inga Guðrún Gísladóttir, Ingibjörn Sölvason, Kolbeinn Helgi Kristjánsson, Kristjana Bjarnadóttir, Ragnar Már Viktorsson, Ragnhildur Ýr Björnsdóttir, Sigurður Trausti Karvelsson, Sædis Eva Óðinsdóttir, Telma Björk Helgadóttir, Viðar Birkir Viðarsson, Vilmundur Hlífar Böðvarsson.

Á myndina vantar: Ingu Guðrínu Gísladóttur.

Kennari: Flosi Einarsson.

10. MÁ

Nemendur í bekknum eru: Aðalheiður Harðardóttir, Alex Hinrik Haraldsson, Alex Kári Kristjánsson, Andri Gústavsson, Arnar Þór Ólason, Aron Hugi Helgason, Árný Lára Sigurðardóttir, Björn Markús Lúðvíksson, Dagný Björk Egilsdóttir, Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Halldór Reynisson, Jensína Kristinsdóttir, Jóhann Úlfar Thoroddsen, Kristjana Kristjánsdóttir, Kristján Þórir Sigurgeirsson, Lóa Guðrún Gísladóttir, Rúnar Freyr Ágústsson, Sigurbjörn Hauksson, Svava Björk Hölladóttir, Tómas Alexander Árnason, Vigdís Ólafsdóttir.

Kennari: Margrét Ákadóttir.



10. SJ

Nemendur í bekknum eru: Alan Krzysztof Hebda, Amanda Ösp Kolbeinsdóttir, Árni Steinar Guðnason, Birkir Olgeir Bjarkason, Bjarki Tómasson, Engilbert Svavarsson, Erla Karitas Pétursdóttir, Guðbjörg Ása Hrólfsdóttir, Guðjón Freyr Eidsson, Helga Rós Gísladóttir, Hilmar Þór Simonarson, Hrafn Traustason, Jón Þór Hallgrímsson, Karen Ósk Guðlaugsdóttir, Kristín Inga Karlsdóttir, Margrét Helga Guðmundsdóttir, Mathias Bergmann Söleyjarson, Moeiður Lárusdóttir, Söley Bára Bergsteinsdóttir, Unnur Rebekka Þráinsdóttir.

Á myndina vantar: Helgu Rós Gísladóttur.

Kennari: Sigurjón Jónsson.



Söngleikjagledi Grundaskóla



Hópurinn sem stóð að sameiginlegu sýningunni í Svíþjóð.

Draumaleitin sló í gegn og nýr söngleikur í bígerð. Grundaskóli hefur síðustu árin fest sig í sessi sem ein aðal vítamínssprautan í leiklistarlífi bæjarins. Söngleikirnir sem skólinn hefur sett upp hafa vakið mikla athygli bæjarbúa og rómur þeirra borist langt út fyrir bæjarmörkin. Söngleikurinn Draumaleit var frumsýndur í apríl 2007 við góðar undirtektir. Þessi söngleikur er afrakstur u.þ.b þriggja ára vinnu teymis sem sett var saman af fjórum Evrópuþjóðum; Ítalíu, Tyrklandi, Svíþjóð og Íslandi, og styrkt af Comeniusarsjóði Evrópusambandsins. Söngleikurinn var unninn í samvinnu þjóðanna og settur upp í öllum löndunum af heimamönnum á hverjum stað. Lokapunkturinn var sameiginleg sýning allra þjóðanna í Svíþjóð í desember á síðasta ári. Flosi Einarsson og Einar Viðarsson voru fulltrúar Íslands og Grundaskóla í verkefninu. Púlsinn náði tali af Einari Viðarsyni leikstjóra Draumaleitar.

Hvert var markmiðið með verkefninu?

Eitt meginmarkmiðið var að reyna að brúa bil ólíkra menningarheima en það var einnig markmið að kynna þvi hvernig aðrar þjóðir vinna svona vinnu, læra af öðrum og miðla reynslu og þekkingu á milli manna. Svo var það

auðvitað markmið í sjálfu sér að koma á tengslum milli nemenda úr þáttökuskólunum.

Teljid þið að markmiðin hafi náðst?

Tvímælalaust. Ég held að við höfum lært mikið af þessu, bæði stjórnendur og krakkarnir. Við fengum inn-sýn í menningu annarra þjóða og hvernig menn nálgast svona vinnu á ólíkan hátt annars staðar. Við sáum hvernig við stöndum gagnvart þessum þjóðum í sambærilegri vinnu og við teljum stöðu okkar mjög sterka samanborið við hinar þjóðirnar. Krakkarnir okkar báru t.a.m. af í uppsetningunni úti í Svíþjóð og það var mál manna að þau væru mest „profess-

ional“ af krökkunum sem komu að uppsetningunni. Við gerum töluvert meiri kröfur til þeirra sem taka þátt í þessari vinnu hjá okkur en hinar þjóðirnar og kom það bersýnilega í ljós þarna úti í Svíþjóð.

Nýr söngleikur í bígerð, hvað viltu segja okkur um það verkefni?

Stefnt er á að setja upp nýjan söngleik í október á þessu ári sem byggður er á Harðar sögu Hólmverja og bók Kristínar Steinsdóttur, Vítahringur. Á næstu

vikum fer grunnvinnan

á fullt og er stefnt að því að því að handrit

og tónlist séu klár við

upphaf næsta skólaárs

þannig að æfingar geti

hafist sem allra fyrst á

nýju skólaári. Það má

kannski segja að þetta

verkefni sé af öðrum

toga en þeir söngleikir

sem við höfum gert til

þessa þar sem nú er

efniviðurinn sóttur í

menningararf fornsagnanna. Þessi söngleikur er sá fyrsti sem byggður er á áður útgefnu efni og það kallar á önnur vinnubrögð við gerð handrits. Auk þess gerist sagan ekki í nútímanum og það kallar á öðruvísu tónlist en við höfum samið fyrir söngleiki hingað til. En það er að sjálfsgöðu mikil áskorun fyrir okkur að takast á við nýja hluti og við erum spenntir að hefjast handa.



Við í Sparisjóðnum leggjum höfuðáherslu á að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu á persónulegum nótum

Kíktu við hjá okkur í Stillholtinu eða farðu á Netið og athugaðu hvað Námsmannþjónustan okkar getur gert fyrir þig !

Kannaðu málið, við lögum okkur að *þínum* þörfum



Stillholt 18 | 300 Akranes | sími 430 7500 | spak.is



SPARISJÓÐURINN
Akranesi



Nefertiti

HÚSGÖGN - GJAFAVARA - LJÓS - SÆNGURVERASETT
RÚMTEPPI - HANDKLÆÐI



SÍMI: 431-1771 - NETFANG: NEFERTITI@NEFERTITI.IS
SMÍÐJUVELLIR 32. 300 AKRANES



*Gleðilegt sumar!
Þökkum samstarfið*

Brauða- og kökugerðin
Suðurgötu 50
Sími 431 1644



GOTT Á HAUS NOTUM HJÁL M



HVÍTA HÚSÍÐ/SÍA - 08-0763



Reykjavíkurborg



UMFERÐARSTOFA

E EIMSKIP